

Vesturbyggð  
Bt Óskari Erni Gunnarssyni  
Aðalstræti 75  
Patreksfjörður  
vesturbyggd@vesturbyggd.is

Dags. 16. febrúar 2024  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2024-0051

Með erindi dags. 18. janúar sl. óskaði Vesturbyggð eftir umsögn Veðurstofu Íslands um óverulega breytingu á deiliskipulagi íbúðabyggðar og ofanflóðavarnargarða Urðir-Mýrar.

Umsögn Veðurstofu Íslands er sem hér segir:

Gert er ráð fyrir að sameina tvær lóðir, Urðargötu 21a og 21b, og reisa á henni einbýlishús. Sameinuð lóð er á C-svæði vegna ofanflóðahættu skv. gildandi hættumati. Búið er að verja svæðið og í tillögu að endurskoðuðu hættumati er gert ráð fyrir að lóðin sé á A-svæði.

Samkvæmt reglugerð 505/2000 með síðar breytingum, um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða, er heimilt að þetta byggð á A-svæðum undir vörnum. Ekki er gerð sérstök krafa um styrkingar á einbýlishúsum á A-svæðum.

Veðurstofan hefur þó lagt til að ný hús í efstu tveimur húsaröðunum undir varnargörðum séu styrkt gagnvart ofanflóðum. Er það gert eftir að svokallaður iðufaldur fór yfir varnargarðana á Flateyri í janúar 2020. Iðufaldur er léttur og hraðfara hluti snjóflóða, styrkingar húsa auka til muna öryggi gagnvart honum.

Lóðirnar sem hér um ræðir eru í annarri húsaröð neðan varnargarðsins og má gera ráð fyrir að styrkingar sem um yrði að ræða væru nokkru lægri en hámarksstyrkingar á A-svæðum skv. hættumatsreglugerð. Veðurstofan getur komið að umræðum um hæfilegar styrkingar sé þess óskað.

Virðingarfyllt,  
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir  
Sérfræðingur á rekstrarsviði